

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	0
Ágrip .....	1
1 Inngangur.....	2
1.1 Hugtakaskýringar .....	2
1.2 Um Einkunnir.....	2
1.3 Almennt um framkvæmd skógræktar á svæðinu .....	3
2 Ræktun núverandi barrskóga .....	5
2.1 Reitur 9. (3,4 ha) .....	5
2.2 Reitur 12. (2,1 ha) .....	5
2.3 Reitir 14 og 15. (0,15 og 0,3 ha) .....	5
2.4 Reitur 16. (0,8 ha) .....	5
2.5 Reitir 17 a og b. (6,5 ha) .....	5
2.6 Reitur 18. (1,7 ha) .....	5
2.7 Reitir 21 og 23 (0,9 og 8,9 ha) .....	5
2.8 Reitur 22. (3,4 ha) .....	6
3 Ný skógræktarsvæði með birkiskógi .....	7
3.1 Reitur 1. (2,2 ha) .....	7
3.2 Reitur 3. ( 6,8 ha) .....	7
3.3 Reitur 8. (3,7 ha) .....	7
3.4 Reitur 10. (0,9 ha) .....	7
3.5 Reitur 11. (2,1 ha) .....	7
3.6 Reitur 20. (9,2 ha) .....	7
3.7 Reitir 26, 27 og 29. (1,9 2,0 og 10,7 ha) .....	7
3.8 Reitir 28 og 30 (0,7 og 4,8 ha) .....	8
3.9 Reitir 31 og 32. (3,0 og 0,9 ha) .....	8
4 Önnur skógræktarsvæði .....	9
4.1 Reitur 2. (2,6 ha) .....	9
4.2 Reitur 19. (1,0 ha) .....	9
5 Önnur svæði.....	10
Viðauki 1: Tré og runnar sem gróðursetja má á öllum númeruðum svæðum .....	11
Viðauki 2: Aðrar tegundir sem gróðursetja má á svæðum 2,12 og 14 - 25.....	11
Viðauki 3: Ræktunarátætlun – tafla.....	12
Viðauki 4: Ræktunarátætlun - kort.....	13
Viðauki 5: Reitakort af fólkvangnum.....	14

## Ágrip

Í þessari ræktunaráætlun eru lagðar meginlínur fyrir ræktun og umhirðu skóga í Einkunnafólkvangi og aðliggjandi hverfisverndarsvæði í landi Borgar. Helstu atriði áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Vestur- og suðurhluti svæðisins verði ræktað útivistarsvæði, önnur svæði verði að mestu látin þróast án inngripa. Melar verði þó græddir upp á öllu svæðinu.
- Meirihluti nýskógræktar og endurnýjunar birkiskóga í ræktaða hluta skógarins verði með innlendum tegundum.
- Á svæðum þar sem nú er barrskógur og á völdum svæðum í næsta nágrenni hans verði áfram barrskógur.
- Hirt verður um alla ræktaða skóga með grisjun eftir þörfum.
- Leitað verði leiða til að fækka framræsluskurðum og loka þeim sem nauðsynlegt er að halda.
- Allar framkvæmdir innan fólkvangsins skulu vera samkvæmt áætluninni og með vitund og fyrirfram samþykki Umhverfisstofnunar.

# 1 Inngangur

Áætlun þessi er hluti af deiliskipulagi fyrir fólkvanginn í Einkunnum.

Markmið skógræktar í fólkvangnum er:

- Að skapa skjól og bæta þannig skilyrði til útivistar í risjóttu veðurfari.
- Að endurheimta skógarþekju svæðisins .
- Að auka notagildi skóga svæðisins til fræðslu.

Við gerð þessarar áætlunar hefur sú stefna verið höfð að leiðarljósi að vestan til í fólkvanginum verði skógi vaxið svæði, sem henti til útivistar í öllum veðrum. Austan til verður náttúran að mestu látin hafa sinn gang og eingöngu lagðar til framkvæmdir sem annað hvort miða að bættu aðgengi eða eru til þess að draga úr áhrifum eldri nýtingar eða framkvæmda á svæðinu.

Reitaskiptingu í áætluninni er ætlað að lýsa framkvæmdaeiningum, og því eru margskonar gróðurskilyrði innan hvers reits, þó í honum sé oftast einn gróðurflokkur öðrum algengari. Gróðurskilyrðin stjórna því síðan hvar hver aðgerð á við. Þar sem ræktaður verður skógur skal ætíð kappkosta að útlínur skógarins og tegundasamsetning skógarjaðra, falli vel að landslagi. Framkvæmdaáætlanir skulu hverju sinni unnar í samráði við Umhverfisstofnun.

## 1.1 Hugtakaskýringar

Í þessari áætlun skiptir rétt túlkun eftirfarandi lykilhugtaka máli:

- Handfleckjun. – Gróðurþekjan rifin ofan af blettum (15 – 30 cm í þvermál) með sköfu eða til þess gerðum haus á vélorfi.
- Haugun. – Grafa notuð til að gera land þýft, svo trjáplöntur eigi auðveldara með að komast af stað í landi þar sem jarðraki er á mörkum þess að vera of mikill fyrir skóg. Nægir ekki til að rækta skóg í landi sem er of blautt til að skógur geti þrífist en tryggir árangur þar sem ella gæti tekið nokkrar tilraunir að ná upp gróðursettum skógi og þar sem náttúrulegur skógur væri mjög lengi að ná sér á strik.
- Náttúrulegur skógur. – Skógur vaxinn innlendum tegundum þar sem ekki hefur verið beitt markvissum aðgerðum til að stýra þróun gróðurfarsins í ákveðna átt. Í þessari áætlun er þó heimilt að græða upp mela í náttúrulegum skógum.
- Ræktaður skógur. – Svæði þar sem gripið er inn í framvindu gróðurfars til að stýra henni í ákveðna átt. T.d. með jarðvinnslu, gróðursetningu og grisjun.
  - Ræktaður birkiskógur. – Ræktaður skógur með innlendum tegundum, eingöngu.
  - Ræktaður barrskógur. – Ræktaður skógur þar sem umtalsverður hluti trjáanna eru barrtré.
- Uppgræðsla. – Aðgerðir sem miða að því að þekja lítt- eða ógróið land gróðri, sem síðan fær að þróast án inngrípa, nema landið sé tekið til ræktunar.

## 1.2 Um Einkunnir

Landslag Fólkvangsins í Einkunnum einkennist af flóum og ásum sem uppúr þeim standa. Mýrlendið hefur að verulegum hluta sloppið við framræslu, ef frá er taldir NV, SA og S jaðrar fólkvangsins. Skurðirnir eru til óþrýði, en gera flestir eitthvað til að bæta útivistargildi svæðisins. Það er vandséð hvernig hægt væri að tryggja aðgengi að svæðinu án þeirra. Mýrarjaðrar svæðisins eru yfirleitt vaxnir birkikjarri, sem mynda kraga utan um rýr holtin, þar sem skiptist á lágvaxið birkikjarr og melaflákar. Í vestur horni fólkvangsins er ræktaður barrskógur. Ræktun hans hófst snemma á 6. áratug 20. aldar og er nú vaxinn þar upp fallegur skjólgóður skógur, sem nýtur

töluverðra og vaxandi vinsældra sem útivistarsvæði.

Á árunum 1954 – 1989 voru samkvæmt bókum Skógræktarfélags Borgarfjarðar, gróðursettar 125.330 plöntur í Einkunnum og skiptust þær á tegundir sem hér segir:

- Birki (*Betula pubescens* Ehrh.) 2.970 plöntur.
- Elri (*Alnus incana* L.) 50 plöntur.
- Bergfura (*Pinus uncinata* Ramond) 7.500 plöntur.
- Skógarfura (*P. sylvestris* L.) 21.170 plöntur.
- Stafafura (*P. contorta* Douglas ex Loudon) 20.650 plöntur.
- Blágreni (*Picea engelmannii* (Parry) Engelm.) 900 plöntur.
- Hvítgreni (*P. glauca* (Moench) Voss) 9.000 plöntur.
- Hvítsitkagreni (grenibastarður) (*P. x lutsii*) 1.600 plöntur.
- Sitkagreni (*P. sitchensis* (Bong) Carrière) 24.745 plöntur.
- Rauðgreni (*P. abies* (L.) Karsten) 36.300 plöntur.
- Lerki (*Larix sibirica* Ledeb.) 375 plöntur.

Eitthvað hefur verið gróðursett síðan 1989, en upplýsingar um þær gróðursetningar liggja ekki fyrir. Þessar trjategundir voru því á svæðinu þegar fólkvangurinn var stofnaður og auk þess a.m.k. fjallapínur (*Abies lasiocarpa* (Hook.) Nutt.) og alaskaösp (*Populus trichocarpa* (Torr. & Gray.) Samkvæmt reglugerð nr. 583/2000 er óheimilt að gróðursetja innfluttar tegundir plantna á friðýstum svæðum, nema með sérstakri undanþágu frá Umhverfisstofnun. Í fólkvangnum í Einkunnum má eingöngu gróðursetja innfluttar tegundir í samræmi við þessa áætlun.

### 1.3 Almennt um framkvæmd skógræktar á svæðinu

Tilgangur með stofnun fólkvanga er að tryggja almenningi aðgang að svæðum til þess að njóta útivistar. Töluverð skógrækt var fyrir þegar Einkunna-fólkvangur var stofnaður og óhætt að fullyrða að hún hafi aukið mjög útivistargildi svæðisins, sérstaklega þegar eitthvað er að veðri. Öll umhirða núverandi skóga skal miðuð við að hámarka útivistarmöguleika almennings og jafnframt er lagt til að auka nokkuð við skóglendin með nýskógrækt á ákveðnum svæðum, sem skilgreind eru síðar í þessu skjali og á meðfylgjandi myndkort. M.a. er lagt til að gróðursetja hávaxnari stofna af birki og aðrar tegundir í lágvaxið birkikjarri á takmörkuðum svæðum, en til mótvægis eru lagðar til aðgerðir sem ættu að auka heildarþekju náttúrulegs skógar á svæðinu hraðar, en náttúruleg framvinda hefði aukið hana. Nýir barrskógar verða ræktaðir í nágrenni eldri barrskógar á svæðum sem nú þegar hafa orðið fyrir miklu raski vegna framræslu. Á beltinu norðan og austan við barrskóganna verður ræktaður skógur með innlendum trjategundum, með það að markmiði að auka skjól á svæðum þar sem gera má ráð fyrir mikilli umferð fólks, allt árið um kring.

Á öllum skógrektarsvæðunum má planta eða sá birki (*Betula pubescens* Ehrh.), reyni (*Sorbus aucuparia* L.), blæösp (*Populus tremula* L.), gulvíði (*Salix phylicifolia* L.), loðvíði (*S. lanata* L.), grávíði (*S. glauca* L.) eini (*Juniperus communis* L.) og eftir atvikum öðrum þeim tegundum sem teljast til innlendra tegunda samkvæmt reglugerð nr. 583/2000.

Í reitum 2, 12, 17b, 19b, 20, 21, 22, 23, 24 og 25, er einnig heimilt að nýta þær tegundir sem þegar hafa verið gróðursettar á svæðinu (sjá viðauka 2). Á öðrum svæðum innan fólkvangsins má eingöngu gróðursetja tegundir í viðauka 1.

Ekki eru settar sérstakar hömlur á tegundanotkun á hverfisverndarsvæðinu í landi Borgar. Þ.e. reitum 14, 15, 16, 17a, 18 og 19a.

Við allar framkvæmdir á svæðinu, skal höfð hliðsjón af leiðarvísinum Skógrækt í sátt við umhverfið ([http://www.skog.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=145](http://www.skog.is/index.php?option=com_content&view=article&id=145)), sem birtur er á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands. Við gerð þessarar áætlunar hefur verið fylgt þeim meginreglum sem þar eru settar fram.

Gæta skal þess að skógræktarframkvæmdir valdi sem minnstu raski. Áburðarnotkun skal haldið í lágmarki og jarðvinnsla vera væg, t.d. handflekjun, nema annað sé tekið fram. Heimilt er þó að nýta tilbúinn áburð til uppgræðslu (heildreif) og til hjálpar ungum trjáplöntum (punktdreifing). Við gróðursetningu skal þess ávalt gætt að laga skóginn að umhverfi sínu. Forðast skal beinar línur og of reglulegt plöntubil. Við val á gróðursetningarstað fyrir einstakar plöntur á að leggja áherslu á að hann henti plöntunni. Útlínur skulu fylgja landslagi og gætt að landslagi og sjónlínunum, þegar ákveðið er í hvaða áttir skuli gengið við gróðursetningu.

## **2 Ræktun núverandi barrskóga**

Í núverandi barrskógum er mikilvægast að grisja eftir þörfum, en einnig er heimilt að gróðursetja ný tré þar sem það á við.

### **2.1 Reitur 9. (3,4 ha)**

Hér hefur fura verið gróðursett í lok síðustu aldar. Svæðið er fremur blautt en tíðarfarið undanfarin ár hefur valdið því að hún er tekin að vaxa. Reiturinn er utan þess svæðis sem þessi áætlun afmarkar fyrir barrskóg og skal furan því nýtt í jólatré, eftir því sem hún vex upp.

### **2.2 Reitur 12. (2,1 ha)**

Aðallega birkibrúskar á fremur röku landi. Gróðursett hefur verið í eyður og því skal halda áfram. Heimilt að nota allar tegundir sem nefndar eru í viðaukum 1 og 2, en samkvæmt þessari áætlun verða aðaltegundirnar, stafafura, birki og sitkagreni.

### **2.3 Reitir 14 og 15. (0,15 og 0,3 ha)**

Skógarreitir í Syðri-Einkunn. Ekki stendur til að gróðursetja meira í Syðri-Einkunn enda besta útsýni svæðisins þaðan. Núverandi skógarreiti skal grisja eftir þörfum og gæta þess að þeir skyggi ekki um of á útsýni af klettunum ofan þeirra.

### **2.4 Reitur 16. (0,8 ha)**

Ógróðursettur reitur í landi Borgar, sem verður notaður fyrir lágvaxnar tegundir í trjátegundasafni.

### **2.5 Reitir 17 a og b. (6,5 ha)**

Reitirnir ná yfir Nyðri-Einkunn. 17a er í landi Borgar en 17b innan fólkvangs. Gróðursett hefur verið í nánast allt svæðið og er árangur yfirleitt góður. Allmiklar eyður eru þó á milli skógarlunda og ástæða til að gróðursetja í sumar þeirra. Svæðið er í næsta nágrenni við fyrirhugaðann náttúruskóla grunnskólans og að stórum hluta í landi Borgar og þar af leiðandi utan fólkvangs. Því er lagt til að á þessu svæði ásamt reiti 18. verði trjásafn (Arboretum), sem nýtist við kennslu í skólanum. Það liggur í eðli trjásafna að þar er fjöldi tegunda og margar fágætar og því í mörgum tilfellum ógerlegt að vita fyrirfram hverjar fást og lukkast. Kappkosta skal að hafa sem flestar tegundir trjáa og runna í safninu, en í reit 17b er einungis heimilt að nota tegundir tilgreindar í viðaukum 1 og 2. Skógarreiti skal grisja eftir þörfum og æskilegt að gera sérstaka áætlun um umhirðu og gróðursetningu í þennan reit.

### **2.6 Reitur 18. (1,7 ha)**

Svæði utan fólkvangs milli Nyðri-Einkunnar og Háfslækjar. Allnokkuð hefur verið gróðursett í þennan reit, en afföll verið mikil. Engin ástæða samt til að ætla annað en að gróðursetning tækist betur í annarri tilraun, því ekkert bendir til þess afföllin séu vegna lélegra landgæða. Hér verða gróðursettir litlir lundir af ýmsum tegundum en birki og ösp notuð sem fósturtegundir á öllu svæðinu. Melar á svæðinu verða græddir upp. Jarðvinnsla á grónu landi er handfleckjun og væg haugun þar sem handfleckjun dugar ekki. Gera þarf sérstaka áætlun um skipulag trjálunda í þessum reit.

### **2.7 Reitir 21 og 23 (0,9 og 8,9 ha)**

Reitur 23 nær yfir Litlu-Einkunnir og 21 er grenireitur sunnan bílastæðis. Gróðursett hefur verið í nánast allt svæðið en þó eru víða eyður og sumar stórar, sérstaklega þar sem líklegt er að skógarfura hafi verið aðal tegundin. Hér þarf að hirða um skóginn með grisjun, en jafnframt að gróðursetja í eyður. Vísað er til viðauka 1 og 2 hvað varðar tegundaval. Gera þarf sérstaka áætlun um umhirðu

og gróðursetningu í þessum reitum.

### **2.8 Reitur 22. (3,4 ha)**

Framræst mýri austan Litlu-Einkunna. Hér hafa afföll verið mikil og vöxtur víðast hvar lítill, Ekki er ástæða til að gróðursetja fleiri tré á svæðinu, heldur leyfa þeim sem til staðar eru að vaxa upp gisið og hægt. Á þeim blettum þar sem skógræktin hefur heppnast betur er í sumum tilfellum ástæða til að grisja verulega, til að halda heildarmyndinni.

### **3 Ný skógræktarsvæði með birkiskógi**

Ýmist kjarri vaxin holt eða framræstar mýrar, þar sem birkiræktun er möguleg. Hér er hugsunin að nýta aðferðir skógræktar til að fá hávaxnari, skjólbetri og fjölbreyttari skóg með innlendum trjátegundum. M.a. með því að notast við „betri“ stofna af innlendum trjátegundum.

#### **3.1 Reitur 1. (2,2 ha)**

Skógi vaxið holt neðan skátagirðingar. Einn myndarlegasti birkiskógur svæðisins. Hér þarf að græða upp mela og bæta reyni í flórana. Hér má einnig grisja skóginn til endurnýjunar með gróðursetningu. Eingöngu má nota tegundir úr viðauka 1.

#### **3.2 Reitur 3. ( 6,8 ha)**

Hagabrekkur ofan skátaskála. Svæðið er að töluverðu leiti vaxið birkiskógi. Hinsvegar verði bætt í eyður þar sem við á, birki eða öðrum tegundum, eftir því sem best þykir henta á hverjum stað. Þéttust verður ræktunin á svæðinu milli núverandi og fyrirhugaðrar aðkeyrslu. Heimilt að grisja birki til endurnýjunar með gróðursetningu. Eingöngu má nota tegundir úr viðauka 1.

#### **3.3 Reitur 8. (3,7 ha)**

NV við Álatjörn, holt, mýrarsund og jaðrar. um 60% hentar til skógræktar og er það svæði að ríflega hálfu vaxið birkikjarri. Ræktaður birkiskógur, en þó með öðrum tegundum af viðauka 1. á stangli. Sérstaklega skal lögð áhersla útlitshönnun jaðars við tjarnarbakkann. Gróðursetning í skóglaut land næst tjörninni er óheimil. Heimilt er að grisja núverandi skóg til endurnýjunar með gróðursetningu, en gæta þarf þess að halda gönguleiðum greiðum. Jaðarinn verði óreglulegur og skreyttur með ýmsum útlitsafbrigðum gulvíðis og loðvíðis. Að öðru leiti er vísað til viðauka 1 hvað varðar tegundaval og leiðbeininga Skógræktar í sátt við umhverfið (<http://www.skog.is/leidbeiningar.htm>).

#### **3.4 Reitur 10. (0,9 ha)**

Framræst runnamýri, sem hentar að mestu vel til birkiræktunar. Hér verður ræktaður upp birkiskógur til að skýla reiðvegi fyrir austan áttum. Heimilt að nota væga haugun þar sem handflekjun dugar ekki.

#### **3.5 Reitur 11. (2,1 ha)**

Skurðastykki í jaðri gamla skógræktarsvæðisins. Um 80% hentar til skógræktar. Að mestu mis vel framræstar mýrar og jaðrar, að nokkru leiti vaxið birki. Auk þess hefur lítillaga verið gróðursett á svæðinu. Hér verður ræktaður birkiskógur en heimilt að planta stöku tré af öðrum tegundum viðauka 1. Plöntur sem þegar hafa verið gróðursettar fá að vaxa áfram, þó þær séu ekki nefndar í viðauka 1.

#### **3.6 Reitur 20. (9,2 ha)**

Sýðsti hlut vesturjaðars Litlu-Einkunna, framræstar mýrar og jaðrar. Hentar að mestu vel til ræktunar birkis. Hér hefur lítillaga verið gróðursett, en afföll virðast mikil. Heimilt verður að hauga svæðið ef handflekjun dugar ekki sem jarðvinnsla. Vísað er til viðauka 1 hvað varðar tegundaval, en aðrar tegundir sem gróðursettar hafa verið, fá að lifa áfram.

#### **3.7 Reitir 26, 27 og 29. (1,9 2,0 og 10,7 ha)**

Holt, mýrar og jaðrar, um 80% hentar til skógrækar. Ræktaður birkiskógur, með öðrum innlendum tegundum þar sem það á við. Núverandi kjarr verði grisjað og gróðursettir vöxtulegri stofnar í staðinn, jafnframt verði melaflákar græddir upp til gróðursetningar. Eingöngu notast við innlendar trjátegundir (sjá viðauka 1).



### **3.8 Reitir 28 og 30 (0,7 og 4,8 ha)**

Mýrar og jaðrar sem njóta framræslu frá Háflæk. Henta að mestu til birkiræktunar. Gróðursett verður í stóran hluta svæðanna.

### **3.9 Reitir 31 og 32. (3,0 og 0,9 ha)**

Skógi vaxin holt. Hér þarf að græða upp mela og bæta reyni í flórana. Grisja má skóginn til endurnýjunar með gróðursetningu ef þurfa þykir. Eingöngu má nota tegundir úr viðauka 1. Í reit 32 þarf sérstaklega að huga að útliti skógarjaðarsins við Háflæk. Halda skal greiðri gönguleið meðfram vatninu og að jafnaði ekki gróðursettur nýr skógur innan 20 m frá vatninu.

## **4 Önnur skógræktarsvæði**

Tvö svæði sem nýtt verða til uppfræðslu ungmenna um náttúru og útivist.

### **4.1 Reitur 2. (2,6 ha)**

Svæðið um og neðan skátaskála. Mest birkimýri sem ekki er líklegt að mikið verði gert til að breyta, en skátunum þó heimilt að laga að þörfum sínum. Brekkan sem skálinn stendur í, er að mestu valllendi og þar hefur lítillega verið gróðursett. Heimilt að halda því áfram og vísað til viðauka 1 og 2 um tegundaval.

### **4.2 Reitur 19. (1,0 ha)**

Svæði náttúruskóla. Hanna þarf svæðið með tilliti til skólans. Tegundaval í ræktun er frjálst, en bent á að erlendar tegundir, aðrar en þær sem nefndar eru í viðauka 2 má ekki nota nema með fyrirfram samþykki Umhverfisstofnunar.

## 5 Önnur svæði

Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu á öðrum svæðum, en landgræðsla í þeim tilgangi að flýta sjálfsáningu birkis í núverandi mela, er æskileg. Á flestum svæðum ætti væg áburðargjöf í nokkur skipti að duga, en þar sem nauðsynlegt er að sá, ætti að velja tegundir og stofna af grasi, sem gera má ráð fyrir með nokkurri vissu, að hopi um leið og áburðargjöf er hætt. Einnig má gera tilraunir með notkun innlendra landgræðsluplantna, s.s. belgjurta. Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu í þessi svæði, en heimilt að gróðursetja reyni og sá birkifræi.

Mýrar og flóar eru að mestu í nokkuð náttúrulegu ástandi ef frá er talið næsta nágrenni skógræktarsvæðisins og reiðgötunnar, áhrifasvæði Háfslækjar, sem rennur í manngerðum farvegi eftir NV mörkum fólkvangsins og áhrifasvæði skurðarins, sem markar SA mörk fólkvangsins. Til að bæta útivistargildi svæðisins þarf að leggja í vinnu við að meta þörf á núverandi skurðum og leita fjármuna til að fylla uppí þá sem ekki er þörf á. Einnig væri æskilegt að leita leiða til að koma í lokræsi sem flestum þeim skurðum, sem ákveðið verður að halda og gera farveg Háfslækjar líkari náttúrulegum læk.

## Viðauki 1: Tré og runnar sem gróðursetja má á öllum númeruðum svæðum.

- Birki (*Betula pubescens* Ehrh.)
- Reynir (*Sorbus aucuparia* L.)
- Blæösp (*Populus tremula* L.)
- Gulvíðir (*Salix phylicifolia* L.)
- Loðvíðir (*S. lanata* L.)
- Grávíðir (*S. glauca* L.)
- Einir (*Juniperus communis* L.)
- Aðrar tegundir sem teljast til innlendra tegunda samkvæmt reglugerð nr. 583/2000.

## Viðauki 2: Aðrar tegundir sem gróðursetja má á svæðum 2,12 og 14 - 25.

- Elri (*Alnus incana* L.)
- Bergfura (*Pinus uncinata* Ramond)
- Skógarfura (*P. sylvestris* L.)
- Stafafura (*P. contorta* Douglas ex Loudon)
- Blágreni (*Picea engelmannii* (Parry) Engelm.)
- Hvítgreni (*P. glauca* (Moench) Voss)
- Hvítsitkagreni (grenibastarður) (*P. x lutsii*)
- Sitkagreni (*P. sitchensis* (Bong) Carrière)
- Rauðgreni (*P. abies* (L.) Karsten)
- Rússalerki/síbiriulerki (*Larix sibirica* Ledeb.)
- Alaskaösp (*Populus trichocarpa* Torrey & A. Gray ex Hooker)
- Fjallapínur (*Abies lasiocarpa* (Hook.) Nutt.)

### **Viðauki 3: Ræktunaráætlun – tafla**

## **Viðauki 4: Ræktunaráætlun - kort**

## **Viðauki 5: Reitakort af fólkvangnum**